Í tilefni Borealis 6

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Undanfarnar vikur hefur allt Listasafn Íslands og gott betur verið undirlagt sýningarframkvæmdinni „Borealis“ og verður svo til 20. júní. Sýningin er skipulögð af Norrænu listamiðstöðinni í Svíavirki fyrir utan Helsingfors og er Halldór Björn Runólfsson, listsagnfræðingur og fyrrum sýningarstjóri listamiðstöðvarinnar, ábyrgur fyrir framkvæmdinni að þessu sinni. Jafnan eru markaðar ákveðnar meginlínur, tekið fyrir sérstakt þema sem í ár er umhverfislist, en heiti sýningarinnar er „Orka og víddir“.

Þetta er eins konar tvíæringur og skiptast Norðurlöndin á að halda hann og er tilgangurinn að hann endurspegli nýjar stefnur og strauma er þróast í norðrinu, en merking latneska orðsins Borealis er einmitt „norðlægur“. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland tekur að sér þessa framkvæmd formlega, en fyrir nokkrum árum var einn angi fyrstu sýningarinnar í austursal Kjarvalsstaða, ef ég man rétt, og var hún þá í formi hefðbundinnar farandsýningar er gekk á milli Norðurlanda. Önnur sýningin tók norrænt efni til meðferðar og var í listamiðstöðinni á Hövikodden fyrir utan Osló. Þriðja sýningin var í Listaskálnum í Málmey og var viðfangsefnið málverk og landslag. Fjórða sýningin var á Louisiana-safninu í Humlebæk og þá voru stefnumörkin staðbundið umhverfisverk og á fimmtu sýningunni á safninu í Björneborg var fjallað um efnið og áhrif þess.

Af þessu má sjá að þema sýninganna er yfirleitt nokkuð þröngt og afmarkað og þó að fyrsta sýningin hafi verið almenn farandsýning einkenndist hún af þröngum sjónarmiðum um eðli samtímalistar. Hlaut enda samkvæmt blaðaurklippum er lágu frammi frekar slaka dóma listrýna þar sem hún hafði áður verið sett upp.

Sá er hér ritar hefur því miður ekki getað fylgst með öllum sýningunum., utan þeirrar fyrstu, nema úr fjarlægð, en einungis upptalningin hér að ofan leiðir í ljós, að menn hafa frekar þrengt að stefnumörkum framkvæmdarinnar en að gagnrýnin og dræmar undirtektir í upphafi hafi haft áhrif á þá til opnari viðhorfa.

Í aðfararorðum hinnar veglegu sýningarskrár fylgir Steffan Carlén, forstöðumaður Norrænu listamiðstöðvarinnar, markaðri stefnu úr hlaði og segir m.a. „sýningunni er ætlað að sýna fjölbreytnina og sköpunargleðina í norrænni umhverfislist sem og höggmyndalist samtímans“.


Í ár eru þátttakendurnir *Giovanni Anselmo* (f. Borgofranco d'Ivrea, Piedmont, Ítalíu 1934), býr í Torino, *Roman Signe* (f. í Sviss 1938), býr í St. Gallen, *Steina Vasulka* (f. á Íslandi 1940), býr í Santa Fe, Nýju Mexíkó. *Bente Stokke* (f. í Osló 1952) býr í Osló og Berlín. *Finn Naur Petersen* (f. í Kaupmannahöfn 1954) býr í Kaupmannahöfn, *Maaria Wirkkala* (f. í Helsingfors 1954) býr í Helsingfors og Frakklandi, *Finnbogi Pétursson* (f. í Reykjavík 1959) býr í Reykjavík og loks *Ulf Rollof* (f. í Karlskrona 1961), býr í Stokkhólmi. Þessi óvenju nákvæma upptalning er ekki út í hött, því að ljós kemur að eitthvað er á reiki um nafngiftina „norðlægur“ er svo er komið, því að mun tempraðari belti eiga óvefengjanlega fullgilda fulltrúa á sýningunni, sem þó skal alls ekki lastað. En það vekur vangaveltur varðandi sýningu með jafn ótvíræða yfirskrift, að ekki skuli leitað meira fanga innan Norðurlandanna sjálfra og þess sem þar er gert. Mér er nefnilega kunnugt um, að þar finnast mjög áhugaverðir myndlistarmenn af öllum kynslóðum, sem hafa lagt þung lóð á vogarskál framsækinnar listar, þótt ekki virðist mönnum kunnugt um það í Norrænu listamiðstöðinni frekar en fyrri dagvinn.

Sú spurning verður líka fljótlega áleitin, hvort hér sé verið að kynna ferska strauma er leika um norræna myndlist, sem unnin er af Norðurlandabúum á Norðurlöndum, þó svo að þeir séu einnig búsettir utan þeirra. Eða hvort hér sé um eins konar „sammó“ – og þegnskylduáráttu við erlend listhús (og listkaupstefnur) að ræða, sem hafa það eitt að markmiði að koma skjólstæðingum sínum á framfæri og snúa blinda auganu að öllu öðru.

Hér kemur upp hugtakið „dyravörður“ sem ég rakst á nýlega, en slíkir hleypa, eins og nafnbótin ber með sér, ekki öllum fram hjá sér og í sumum tilvikum einungis örfáum útvöldum. Hörðustu dyraverðirnir í myndlistinni eru einmitt stórþjóðirnar og þá öðru fremur Frakkland og Bandaríkin, sem eiga neyðarlega erfitt með að beina augunum að öðru en eigin nafla.

Fyrir þeim í Frans hafa Norðurlöndin til skamms tíma naumast verið til á landakorti listarinnar, nema sem fámennur og frumstæður útskagi, og listamenn þaðan komast ekki á blað nema séu þeir hluti af Parísarskólanum. Í menningarsögu fremstu andans manna þjóðarinnar verða menn lítið var við þau og er þeir brutu loks odd af oflæti sínu varðandi Norðmanninn Edvard Munch með stórri sýningu á Orsay-safninu í París fyrir u.þ.b. tveimur árum sýndu þeir helst það sem skaraði þá sjálfa! Breyttur hugsunarháttur innan þessara þjóða á allra síðustu árum hefur einmitt gefið norrænni list, eldri sem yngri, og list margra annarra þjóða byr undir báða vængi. Það hefur haft þær afleiðingar á Norðurlöndum, að þó nokkrir listamenn, sem voru utangarðs að segja má og í tízku var að fussa við, eru skyndilega risnir upp af öskustó. Menn tala nú t.d. um sérstakan tón í gullaldarmálurunum dönsku og sporgöngumönnum þeirra, svo sem P.S. Kröyer og öðrum svonefndu Skagen-málurum og álíta jafnvel hið norræna ljós í myndum þeirra og hin frjálslegu pensilför allt að 5–80 árum á undan impressjónismanum!

Og ekki þykir mér sjálfum stökkið ýkjalangt frá Karli Isakson og Edvard Weie til Nicolas de Stael og tassismans. Ef svo Strindberg hefði ekki látið sjást móta fyrir einhverju hlutlægu í myndum sínum væri hann að margra áliti a.m.k. hálfri öld á undan óformlegu (informel) málurunum.



MORGUNBLAÐIÐ
15. JÚNÍ

Steina Vasulka við upptökur

Þetta einmitt að styrkja sjálfsímynd okkar í norðrinu, en það virðist þeim ekki ljóst í Norrænu listamiðstöðinni enn sem komið er og halda sem fastast í fyrra viðhorf, sem einkennist af furðulegri útgáfu harðsoðinnnar marxískrar miðstýringar og bókstafstrúar, sem er svo er komið virkar sem draugur úr fortíðinni.

Lítilsvirðingin á málverkinu, sem nútímalegum listmiðli er algjör nema að upp blossi einhver stefna í „móðurlöndunum“, t.d. nýbylgjumálverkið, sem nú virðist hafa runnið sitt skeið að mati þeirra sem ekki tekst að hagnast nógu mikið á því lengur, enda búið að veggfóðra öll núlistasöfn ríkulega af framleiðslunni.

Við getum auðvitað að vissu marki hrópað húrra fyrir öllum nýjungum í myndlist, en vel að merkja svo lengi sem þær bera í sér lífsneista ferskleikans, en hafa ekki alfarið svip af innantómum endurtekningum þess sem þegar hefur verið gert.

Hinir nýju miðlar, t.d. myndband og tölva, auðga myndlistina af fyrirbærum eins og rými og tíma, ásamt hreyfingu, rennsli, hljóði og rýmislifun, sem túlkandi listgreinar svo sem leikhús og kvikmyndir hafa hingað til haft fram yfir kyrrstöðu listgreinarnar, málverk og höggmyndir. Listmiðlar eins og t.d. umhverfislist (environment) og uppsetning (installation) standa þar af leiðandi auðvitað mun nær kvikmyndum og leikmyndum en hinar hefðbundnu listgreinar málaralist og höggmyndalist, en þar fyrir er ekki slegið föstu að þær séu þeim æðri og séu komnar á sjónarsviðið til að útrýma þeim.

Málverkið hefur þannig verið afskrifað sem listform samkvæmt dagskipan erkidjákna listmiðlunarinnar og þýlyndum um heim allan, sen þó skýtur skökku við, eins og raunar svo oft áður, að fram til 25. júlí stendur yfir risastór málverkasýning í safnhverfi og kaupstefnumiðstöð, svo og listahöll Vínarborgar. Þar sýna 43 málarar af þrem kynslóðum 350 málverk, sem eru nær öll gerð á sl. þrem árum og er þema sýningarinnar „málverkið í dag“. Sýningarskrá í þrem bindum telur 308 síður. Seinna verður sýningin sett upp í Deichtorenhalle (Flóðgarðshöllinni) í Hamborg, sem með sanni er þekkt fyrir allt annað en íhaldssemi.

Minnir þeta ekki svo lítið á er kjörorð dagsins var „fígúran er dauð“ og trúðu menn því eins og óskeikulli véfrétt í ýmsum krummaskuðum, en svo hafa menn komist að því að hún var allan tímann bráðlifandi nema í hugarheimi erkidjáknanna!

Hinir nýju miðlar eru ekki komnir til að vera á þann hátt að einstök verk standi um ókomna tíð, séu varanleg, heldur markast þeir af tilorðningu sinni og lifa með henni. Eðli þeirra er því allt annað en málverksins og þó að þau standi um sumt mun nær nútímanum hvað nýtækni snertir er ekki þar með sagt að dagar kyrrstæðra listmiðla séu liðnir.

Við getum tekið dæmi um verk Svíans Kurt Rollof, í garðinum við Fríkirkjuveg og rétt fyrir ofan styttu Thorvaldsens af Adonis, þar sem það á í raun alls ekki heima og er sem mengun í gróðurvin. Það var mikið líf í hlutunum á meðan listamaðurinn ásamt nemendum listaskólans í Kaupmannahöfn voru að reisa það og á meðan listamaðurinn var enn hérlendis og sá um að halda því virku. Eftir að hann er farinn og slokknað er í kolunum og eldsófinn kulnaður minnir það ekki lengur á orku sem býr í iðrum jarðar, heldur stendur verkið eitt sér og umkomulaust. Dapurleg minning þess sem var og minnir á leiktjöld sem hætt er að nota og standa sem umkomulaus úti á berangri.

Annað mál er svo, að einhvern veginn finnst manni það í sjálfu sér næsta undarlegur gjörningur, að flytja inn eldfjöll til Íslands. Sú vísun listamannsins til hugmyndarinnar „að það að byggja eldfjall á Íslandi og gera með þeim hætti mynd af því sem landið er þekktast fyrir geti opnað utanaðkomandi leið að menningu þess“ hlýtur að falla um sjálfa sig, því að við sem hér búum erum ekki utanaðkomandi.

Inni í sjálfu listasafninu er svo margt um táknrænar tilvísanir til umhverfisins, sem maður þekkir og kannast við frá sýningum erlendis, en skilur trauðla hvaða er indi eigi hingað í þessari mynd, því að framkvæmdin hlýtur að fara fyrir ofan garð og neðan hjá flestum í þessu formi. Minni skammtur hefði verið til bóta, þó svo að þessi tegund listar eigi fullan rétt á sér, sem þó er allt annað mál.

En það sem meginmáli skiptir er að safnið er rýmislega séð einfaldlega ekki í stakk búið til að hýsa slíka sýningu svo vel fari og því er hún nokkuð utan gátta í sölum þess. Þegar myndir af listaverkunum í sýningarskrá eru bornar saman við útkomuna á safninu sjálfu verður sá samanburður í meira lagi óhagstæður. Hún hefði að mínu mati frekar átt heima á Kjarvalsstöðum, þótt sá staður bjóði ekki upp á mikinn sveigjanleika nema með ærnum tilkostnaði.

Eftir margar heimsóknir á sýninguna finnst mér ekki ástæða til að tíunda framlag einstakra myndlistarmanna vegna þess hve erfitt er að átta sig á verkunum. En eins og sýningin kemur fram í heild er ég í engum vafa um að athyglisverðasta framlagið sé videoverk Steinu Vasulka og það margborgar sig að skoða það aftur og aftur til að komast til botns í því, sem maður gerir þó sem betur fer aldrei, en nýtur þess mun betur í margbreytileika sínum.

Heildarniðurstaðan er sú, að fyrir þröngan hóp innvígðra geti sýningin í heild talist markvert framlag í umræðu um núlistir, en hljóti að fara fyrir ofan garð og neðan hjá þorra manna er venja komur sínar á safnið. Er að auk alls ekki til þess fallin að auka aðstreymið að því og síst útlendinga sem um þessar mundir streyma til landsins.